

5. gr.

Þeir sem sæti eiga í almannavarnaráði skv. 1. gr. skulu tilnefna varamann er sæti tekur á fundum ráðsins í forföllum þeirra. Tilkynna skal formanni um tilnefningu varamanns.

6. gr.

Fundi almannavarnaráðs skal halda eftir þörfum. Formaður boðar til funda.

Almannavarnaráð getur við sérstakar aðstæður haldið fund án viðveru áheyrnarfulltrúa. Að fundi loknum skal formaður greina áheyrnarfulltrúanum frá fundinum og tilefni hans.

7. gr.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal sitja fundi almannavarnaráðs og gegna þar starfi fundarritara.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 484/1992, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

Við upptalninguna bætast Hitaveita Akraness með endurgreiðsluhlutfallið 54% og Hita-veita Borgarness með endurgreiðsluhlutfallið 48%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum gildir frá 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 12. febrúar 1996.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.